

Atvinnuveganefnd Alþingis

101 Reykjavík

Norðurlandi eystra, 8. apríl 2024

**Efni: Umsögn um 136. mál: Flutningur höfuðstöðva Rariks ohf. á landsbyggðina.**


Stjórn SSNE fagnar þeim sjónarmiðum sem birtast í þingsályktunartillögunni um staðsetningu höfuðstöðva Rariks ohf. og tekur heilshugar undir markmið tillögunnar.

Flutningur höfuðstöðva félagsins væru í samræmi við áherslur bæði byggðaáætlunar og ríkisstjórnar. Þá yrði flutningurinn vel til þess fallinn að fjölga störfum utan höfuðborgarsvæðisins og bæta þannig búsetuskilyrði um landið allt. Það er vægast sagt sérstakt að félag sem er með alla sína starfsemi á landsbyggðinni sé með höfuðstöðvarnar í Reykjavík.

Stjórn SSNE telur tilvalið að höfuðstöðvar RARIK yrðu staðsettar í landshlutanum, enda félagið nú þegar með umfangsmikla starfsemi í landshlutanum og yrði slíkur flutningur höfuðstöðva til að efla þá starfsemi umtalsvert, auk þess að efla búsetu í landshlutanum.

Stjórn SSNE áskilur sér rétt til að veita umsögn um málið á seinni stigum og lýsir sig jafnframt tilbúna til samtals við atvinnuveganefnd vegna málsins.

Fyrir hönd SSNE,



Albertína Friðbjörg Elíasdóttir,  
framkvæmdastjóri SSNE.